



Reykjavík 7. febrúar 2017

Breyting á skilmálum deiliskipulags fyrir Naustreit, staðgreinireit 1.132.1

Samþykkt í skipulagsráði 18. maí 2005

Breyting vegna Tryggvagötu 18-18c

Forsendur

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er Tryggvagata 18-18c á skilgreindu landnotkunarsvæði M1c: Blönduð miðborgarbyggð. Á því svæði þarf að skilgreina í deiliskipulagi heimildir um íbúðarhúsnæði sem sérstaklega er ætlað til útleigu til ferðamanna. Hinum megin við Tryggvagötuna er skilgreint landnotkunarsvæði M1a: Í miðborgarkjarnanum má finna lykilstofnanir stjórnsýslu, menningar og mennta, líflegustu verslunargötur landsins, litríka flóru veitingastaða auk fjölbreyttrar sérfræðipjónustu. Sérstök áhersla er á smásöluverslun auk veitingastarfsemi og afþreyingu sem og þjónustu lykilstofnana stjórnsýslu, menningar og mennta. Á jarðhæðum eru verslunar-, veitinga- og menningar-, félags- og þjónustustarfsemi opin almenningi í forgangi, en á efri hæðum skrifstofu- og íbúðarhúsnæði auk gistiþjónustu.

Í húsinu Tryggvagata 18-18c hefur verið starfrækt gistiheimil í flokki II frá 2012. Fyrir liggja þinglýstrar heimildir meðeigenda eigna í húsinu fyrir slíkri starfsemi. Rekstrarheimild gistiheimilisins er í flokki II.

Breytingin felur í sér að skilmálum verður breytt þannig að heimilt verður að hafa gististað í flokki III eða íbúðir á efri hæðum húss nr. 18-18c við Tryggvagötu.

Sérskilmálar fyrir Tryggvagötu 18-18c fyrir breytingu:

„Samkvæmt þessari breytingu á deiliskipulagi er nýbyggingarmagn 3270 m² án kjallara. Þar af eru u.þ.b. 825 m² á fyrstu hæð fyrir verslun og þjónustu (tvö verslunarrými), en 2445 m² er íbúðarhúsnæði (24 íbúðir) á efri hæðum hússins.“

Sérskilmálar fyrir Tryggvagötu 18-18c eftir breytingu:

„Byggingarmagn á lóðinni er 3270 m² án kjallara. Þar af eru u.þ.b. 825 m² á fyrstu hæð fyrir verslun og þjónustu (tvö verslunarrými), en 2445 m² er íbúðarhúsnæði eða gististaður í flokki III á efri hæðum hússins.“

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.